



FLE fréttir

4. desember 2025

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 5 / 2025



Kæru félagsmenn,

Það hefur verið nóg um að vera hjá félaginu að undanfögnu og ýmis verkefni eru í vinnslu. Meðal þess sem félagið vinnur nú að er að rýna lagaumhverfi sem varðar endurskoðendur og í framhaldinu að koma ábendingum á framfæri við stjórnvöld um það hvar úrbóta er þörf. Jafnframt ráðgerir félagið að setja fram leiðbeiningar varðandi áritanir á verkefni sem fela í sér aðrar staðfestingar en endurskoðun eða könnun reikningsskila.

Námskeiðs- og ráðstefnuhald hefur verið í fullum gangi. Síðasta Teams-námskeið var í nóvember síðastliðnum en þá fjallaði Ólafur Evert Úlfsson hjá BBA/FJELDCO um [milliverðlagningu](#). Hausráðstefna félagsins og aðalfundur fóru fram þann 7. nóvember og viku síðar árlegt boð fyrir fyrrverandi formenn félagsins og heiðursfélaga. Þann 12. desember mun Jóhann I. C. Solomon verða með námskeið á Teams um tekjur og eiginfjárgerninga. Hægt er að skrá sig á námskeiðið [hér](#). Skattadagurinn verður svo haldinn 15. janúar nk.

Við óskum félagsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Bestu kveðjur,

Unnar, Sirrý og Margret G.



Sextán nýir endurskoðendur

Þann 26. nóvember voru niðurstöður löggildingarprófa birtar prófmönnum, sjá nánar [hér](#) og munu sextán einstaklingar hljóta löggildingu til endurskoðunarstarfa við hátíðlega athöfn síðar í dag. Það er afskaplega ánægjulegt að sjá þessa fjölgun endurskoðenda en til samanburðar þá luku átta löggildingarprófum á síðasta ári og ellefu árið á undan.

Að verða endurskoðandi, samanburður milli norðurlandanna

Talandi um löggildingarpróf þá ákvað félagið nýverið að bera saman þær kröfur sem þarf að uppfylla til að verða löggiltur endurskoðandi í hverju og einu Norðurlandanna. Samanburðurinn snýr að menntunarkröfum, starfsreynslu og löggildingarprófum. Sjá nánar í þessari [frétt](#) á heimasíðu.

Að færast milli flokka

Í haust barst álitsnefnd FLE beiðni um álit á því hvenær félög færast á milli stærðarflokka samkvæmt [lögum um ársreikninga](#) (sjá 11. tölul. 2. gr.), þ.e. hvort það væri strax á 2. ári sem félag fer yfir eða undir tiltekin stærðarmörk eða frá og með 3ja ári. Álitamálið snýst um það hvernig túlka skuli orðalagið „*Flokkun félaga skal ekki breytast nema félag annaðhvort fari yfir eða undir viðmiðunarmörk viðkomandi og síðastliðins reikningsárs*“. Stærðarflokkun félaga skiptir miklu máli þegar kemur að upplýsingagjöf og fleiri atriðum, ekki síst ef félag fer yfir mörk og verður að einingu tengdri almannahagsmunum.

Slík álitsgjöf fellur undir hlutverk álitsnefndar samkvæmt 12. gr. samþykka félagsins en þar kemur m.a. fram að nefndin hafi það hlutverk að láta uppi fyrir félagsins hönd rökstutt álit um hvers konar fyrirspurnir varðandi starfssvið endurskoðenda, sem fyrir félagið kynnu að verða lagðar af Alþingi, framkvæmdavaldi ríkisins, dómstólum, samtökum, einstökum félagsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra. Nefndin tók því beiðnina til umfjöllunar.

Í niðurstöðu álitsnefndar segir að skv. lokamálsgrein 11.tl. 2. gr. [laga um ársreikninga](#) nr. 3/2006 skuli flokkun félags ekki breytast nema félag annaðhvort fari yfir eða undir viðmiðunarmörk viðkomandi og síðasta reikningsárs. Niðurstaða álitsnefndar FLE var að þar sem, samkvæmt orðanna hljóðan, færast félag á milli stærðarflokka miðað við tiltekinn dag, þ.e. síðasta dag þess árs sem félag hefur í annað sinn í röð fallið undir viðmið annars flokks en áður, eigi hinn nýi stærðarflokkur við frá og með upphafi þriðja árs frá því félag fer fyrst undir eða yfir stærðarmörk. Engin ákvæði eru í ársreikningalögum sem skylda félög til að spá fyrir um, jafnvel strax í upphafi árs, hvort þau muni fara undir eða yfir mörk samkvæmt stærðarflokkun 2. greinar á yfirstandandi ári. Þá segir í niðurstöðu nefndarinnar að ef túlka ætti það sem svo að fara skuli að reglum fyrir stærri eða minni flokk strax á ári tvö hefði það í för með sér verulega íþyngjandi byrði fyrir ýmis félög sem færast upp um

stærðarflokk og þar á meðal virkjuðust ákvæði sem ómögulegt er að beita í eða eftir lok árs en er samt refsivert að hlíta ekki.

Í álitu nefndarinnar er áréttað að hún hafi ekki lögformlegt hlutverk við túlkun íslenskra laga og reglna. Formleg túlkun laga og reglugerða er varða starfssvið endurskoðenda er í höndum stjórnvalda og dómstóla.

Erindi til endurskoðendaráðs

Fyrst við erum farin að ræða um (ó)skýrleika í lögum þá má geta þess að í framhaldi af óformlegri fyrirspurn frá félagsmanni í haust þá sendi félagið tvö erindi til endurskoðendaráðs og óskaði eftir álitu þess á þeim málum.

Önnur fyrirspurnin snýst um það frá hvaða tímapunkti eigi að telja regluna um að skipta þurfi um áritunarendurskoðanda á sjö ára fresti þegar um einingu tengda almannahagsmunum (ETA) er að ræða, þ.e. þegar félag verður ETA í fyrsta sinn og kýs að hafa sama endurskoðanda og áður. Spurningin snýr að því hvort telja eigi starfstíma áritunarendurskoðandans frá því hið endurskoðaða félag verður ETA eða frá því viðkomandi endurskoðandi tók fyrst við sem endurskoðandi félagsins. Það virðist hvergi tekið beint á þessu álitamáli, hvorki í reglugerð [537/2014](#) né túlkunum sem komið hafa á þeirri reglugerð frá Evrópuráðinu. Hins vegar er í alþjóðlegu óhæðisstöðlunum, sem gilda um endurskoðun og endurskoðendur á Íslandi, skýrt að það skuli skipta um áritunarendurskoðanda hjá ETA félögum eigi sjaldnar en á sjö ára fresti og skuli þá telja frá því viðkomandi tók við endurskoðuninni, þó svo það hafi verið áður en félagið varð ETA. Erindið til endurskoðendaráðs snýr því að því hvort þetta taki af öll tvímæli um að það skuli ætíð telja frá því viðkomandi áritunarendurskoðandi tók við, óháð því hvenær hið endurskoðaða félag varð ETA.

Hin fyrirspurnin snýr að því hvernig skuli reikna hlutfall þóknunar, fyrir aðra þjónustu en endurskoðun, af þóknun fyrir endurskoðun í samræmi við ákvæði 2. tl. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [537/2014](#) en samkvæmt texta reglugerðarinnar virðist ekki liggja ljóst fyrir hvernig reikna skuli þetta hlutfall. Sérstaklega er óskað eftir túlkun ráðsins á því hvort telja eigi þóknun fyrir könnun árshlutareiknings með sem aðra þjónustu og ef svo er hvort slík þóknun eigi að koma inn í teljara eða bæði teljara og nefnara í slíkum útreikningi eða hvort taka eigi þóknun vegna könnunar árshlutareiknings alveg út fyrir sviga.

Félagið mun að sjálfsgöðu upplýsa félagsmenn um niðurstöður fyrrgreindra mála þegar svör hafa borist frá endurskoðendaráði.

Áritun ríkisendurskoðanda

Við höfum margoft fjallað um áritun ríkisendurskoðanda, sem er ekki löggiltur endurskoðandi, bæði í fréttum á heimasíðu okkar og [fréttabréfum](#) og því óþarfi að fjalla um forsögu málsins enn og aftur en meðal þess sem félagið hefur gert er að afla ítarlegs [lögfræðilíts](#) um málið, skorað á ársreikningaskrá að fella ársreikning af skrá sem ríkisendurskoðandi áritaði einn (ársreikningaskrá hafnaði þeirri beiðni), sent inn kvörtun til Atvinnuvegaráðuneytisins með áskorun um að taka málið til efnislegrar

FLE fréttir, 4. desember 2025

Bls. 4

meðferðar og loks kvartað til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Á dögnum barst svar frá ESA þar sem beiðni félagsins var hafnað með þeim rökstuðningi að ESA þyrfti að forgangsraða málum og að málið væri enn til skoðunar hjá íslenskum stjórnvöldum. Félagið hefur hins vegar ekki enn fengið svar frá Atvinnuvegaráðuneytinu. Loks má nefna að þann 2. desember fengu fulltrúar FLE fund með starfsmönnum Alþingis þar sem farið var yfir málið frá sjónarhóli félagsins. Málinu er því ekki lokið. Það var töluvert mikið í fréttum í haust og má finna umfjöllun um fréttatflutning og slóðir á viðkomandi fréttir í þessari [frétt](#) á heimasíðu félagsins.

Áhersluatriði ársreikningaskrár og verðbréfaeftirlits Evrópu

Árleg kynning ársreikningaskrár á áhersluatriðum sínum og verðbréfaeftirlits Evrópu (ESMA) verður haldin í húsakynnum Skattsins 16. desember. Nánari upplýsingar og skráningarhlekki má finna [hér](#).

Barátta gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Í [frétt](#) á heimasíðunni segjum við frá endurskoðaðri stefnu stjórnvalda ásamt áætlun um frekari aðgerðir í baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Eins og segir [hér](#) þá leitast stjórnvöld með þessu eftir því að styrkja varnir samfélagsins gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Stefna stjórnvalda er að finna [hér](#) og [hér](#) má finna aðgerðaáætlun stýrihóps dómsmálaráðherra. Félagsmenn eru hvattir að kynna sér framangreindar skýrslur enda varða þær störf endurskoðenda. Stefnt er að því að fjalla nánar um ofangreind mál á vettvangi félagsins fljótlega eftir áramót.

Glærur af námskeiðum og ráðstefnum

Glærur af Teams-námskeiðum:

[Milliverðlagning – 21. nóvember](#)

[Niðurstöður gæðaeftirlits – 10. september 2025](#)

[Varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka](#) – 19. ágúst 2025

[Hlutdeildaraðferð og samstæðureikningsskil](#) – 5. maí 2025

[Notkun gervigreindar í reikningsskilum og endurskoðun](#) – 7. apríl 2025

[Virðisaukaskattur í viðskiptum milli landa](#) – 19. mars 2025

[Lánshæfismat fyrirtækja](#) – 19. des. 2024

[Fjarvinna milli landa](#) – 3. des. 2024

[Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár](#) – 14. nóv. 2024

[Erfðafjármál](#) – 17. okt. 2024

Ráðstefnur:

Haustráðstefna FLE 2025 – 7. nóvember 2025. [Glærur](#) af haustráðstefnu.

Reikningsskiladagur FLE 2025 – 2. október 2025. [Glærur](#) af reikningsskiladegi.

Endurskoðunardagur FLE 2025 – 26. maí 2025. [Glærur](#) af endurskoðunardegi.

Skattadagur – 17. janúar 2025. [Glærur](#) af skattadegi.

Eldri fréttabréf

Eldri fréttabréf FLE er að finna [hér](#).
